



HRUNAMANNAREPPUR

66. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

7. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 8. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar lagði oddviti fram tillögu um breytingu á dagskrá þannig að við bætist eftirfarandi liðir:

5. Stjórn byggðasamlags UTU nr. 120 frá 30. apríl 2025.
6. Stjórn byggðasamlags UTU nr. 121 frá 6. maí 2025, ásamt ársreikningi UTU fyrir árið 2024.

Tillagan samþykkt samhljóða og mun tölusetning annarra liða breytast til samræmis við þetta.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. **Skólanefnd: Fundargerð 16. fundar frá 22. apríl 2025.**
Lögð fram fundargerð 16. fundar Skólanefndar.

Sveitarstjórn samþykkir skóladagatal Flúðaskóla og Leikskólans Undralands. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

2. **Umhverfisnefnd: Fundargerð 13. fundar frá 23. apríl 2025.**

Lögð fram fundargerð 13. fundar Umhverfisnefndar. Í fundargerðinni kemur fram skipan Ruslamálaráðherra 2025, Bergsveins Breiðfjörðs Theodórssonar (Bessa). Í skóladagatali Flúðaskóla er tilgreindur umhverfisdagur þann 16. maí n.k. og mun sá dagur verða Rusladagur Hrunamannahrepp sem haldinn verður í 45. sinn nú í ár.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. **Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 16. fundar frá 28. apríl 2025.**
Lögð fram fundargerð 16. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framkvæmdir við geymslusvæði í Flatholti og felur sveitarstjóra að gera grein fyrir þeim breytingum í viðauka við fjárhagsáætlun sem lagður verður fram fljótlega.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða reglur og gjaldskrá fyrir geymslusvæðið í Flatholti. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials in purple ink, including "ART", "DGS", and "AA".

4. **Starfshópur um 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps: Fundargerð 2. fundar frá 9. apríl 2025. -Ásamt drögum að erindisbréfi nefndarinnar**
Lögð fram fundargerð 2. fundar Starfshóps um 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir erindisbréf starfshópsins samhljóða og þar með breytist heiti starfshópsins í afmælisnefnd. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

5. **Stjórn byggðasamlags UTU nr. 121 frá 30. apríl 2025.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. **Stjórn byggðasamlags UTU nr. 121 frá 6. maí 2025, ásamt ársreikningi UTU fyrir árið 2024.**

Fundargerðin ásamt ársreikningnum lögð fram til kynningar. Vegna liðar 2, uppsögn skipulagsfulltrúa, vill sveitarstjórn þakka Vigfúsi Þóri Hróbjartssyni fyrir einstaklega gott samstarf og óskar honum velfarnaðar í nýju starfi.

7. **Fundargerð 301. fundar skipulagsnefndar frá 30. apríl 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. apríl sl.**

Lögð fram fundargerð 301. fundar skipulagsnefndar frá 30. apríl 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. apríl sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 25. Kópsvatn 1: Byggingarheimild; hestús mhl 19.

Móttækin var umsókn þann 23.04.2025 um byggingarheimild fyrir 240 fm hestús á jörðinni Kópsvatn 1 L166792 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem fyrir liggur samþykki nágranna vegna málsins mælist nefndin til þess við sveitarstjórn að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem fyrir liggur samþykki nágranna vegna málsins þá vísar sveitarstjórn málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 26: Gröf og Laxárhlið: Breyting á þakhalla og vegg- og mænishæð; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Gröf og Laxárhlið innan þéttbýlisins að Flúðum, eftir grenndarkynningu. Í breytingunni felst breyting á skilmálum innan reits M2 á miðsvæði Flúða (Gröf og Laxárhlið). Þakhalli og vegg- og mænishæð breytist. Núverandi skilmálar fyrir hús á tveimur hæðum gera ráð fyrir að þakhalli megi vera 30° - 45° og mesta vegg-hæð langveggja sé heimil 5 m. Eftir breytingu er gert ráð fyrir að þakhalli verði heimilaður 25° - 45° og að mesta hæð langveggja geti verið 5.85 m. Hámarks mænishæð helst óbreytt. Engar athugasemdir bárust við grenndarkynningu málsins. Samhliða gildistöku málsins er, eftir kynningu, leiðréttar heimildir er varðar vegg- og mænishæð á lóð Birkihlíðar 17-21 til samræmis við heimildir sambærilegra lóða innan skipulagsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir grenndarkynningu með áorðnum breytingum. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

DGS
SJB
ART

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir samhljóða framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir grenndarkynningu með áorðnum breytingum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 27. Hrafnheimar (áður Ásatúnsvallarland): Breyttir byggingarreitir; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Hrafnheima L218490 (áður Ásatúnsvallarland) í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að byggingarreitur nr. 2 færist um 20 m til suðurs og á honum verður heimilt að reisa 400 fm byggingar í heildina þ.e. hesthús, skemmu og gistirými sem yrði allt að 100 fm af heildarbyggingarmagni reitsins. Einnig færist byggingarreitur nr. 3 suður fyrir aðkomuveg.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

Mál nr. 37. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. apríl sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. apríl sl.

8. **Oddvitanefnd Uppsveita Árnassýslu: Fundargerð 10. fundar frá 22. apríl 2025.**
Lögð fram fundargerð 10. fundar Oddvitanefndar Uppsveita Árnassýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. **Öldungaráð Uppsveita og Flóa: Fundargerð 4. fundar frá 2. apríl 2025.**
Lögð fram fundargerð 4. fundar Öldungaráðs Uppsveita og Flóa.

Vegna liðar 1, dagdvöl fyrir aldraða, þá telur sveitarstjórn mikilvægt að unnið verði hratt í þeim undirbúningi sem nauðsynlegur er og að umsókn verði send ráðuneyti félags- og húsnæðismála eins fljótt og kostur er. Vegna umræðu ráðsins um staðsetningu vill sveitarstjórn minna á fyrri ákvörðun um staðsetningu dagdvalar í Brautarholti og í Reykholti. En gaman er jafnframt að geta þess að mögulega verður í boði húsnæði á Flúðum í kjarna sem hýsa mun félagsaðstöðu eldri borgara sem verður tengdur við íbúðir fyrir aldraða íbúa sem fyrirhugað er að byggja miðsvæðis á Flúðum. Með slíkri staðsetningu í miðbæ Flúða í nálægð við allar helstu stofnanir væri þjónustuþegum dagdvalar tryggð góð þjónusta og fjölbreytt afþreying sem er mikilvægt þeim sem á þessari þjónustu þurfa að halda. Rétt er að halda slíku til haga.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundarhlé var gert kl. 15:55 vegna skóflustungu að byggingu Björgunarmiðstöðvar á Flúðum.

Fundur hófst aftur kl. 16:40.

BSL ✓
DAS
ARY
#

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- 10. Brunavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 27. fundar stjórnar frá 23. apríl 2025.**
Lögð fram fundargerð 27. fundar stjórnar Brunavarna Árnæssýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn fagnar því að í dag var tekin fyrsta skóflustungan að nýrri björgunarmiðstöð á Flúðum. Þar með er hafin bygging þessa mikilvæga mannvirkis sem breyta mun allri aðstöðu þeirra mikilvægu viðbragðsaðila sem þar munu hafa aðstöðu.

- 11. Bergrisinn bs.: Fundargerð 83. stjórnarfundar frá 24. mars 2025.**
Lögð fram fundargerð 83. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- 12. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 333. fundar stjórnar frá 25. apríl 2025.
-Ásamt ársreikningi 2024.**

Lögð fram fundargerð 333. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands ásamt ársreikningi 2024.

Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.

- 13. SASS. Fundargerð 621. fundar stjórnar frá 4. apríl 2025.**
Lögð fram fundargerð 621. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 14. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 10. apríl 2025.**
Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 271. mál – Stefur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgöngu og byggðamála (stefnumörkun).

Lagt fram til kynningar.

- 15. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 14. apríl 2025.**
Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 272. mál – Sveitarstjórnarlög (mat á fjárhagslegum áhrifum).

Lagt fram til kynningar.

- 16. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 29. apríl 2025.**
Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 270. mál – Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar en Hrunamannahreppur hefur ítrekað komið fram sjónarmiðum sínum í þessu máli. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að halda áfram hagsmunagæslu sveitarfélagsins í þessu máli.

- 17. Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 8. apríl 2025.**

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu þar sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) óskar eftir upplýsingum frá sveitarfélögum hver heildaráhrif kjarasamnings milli Kennarasambands Íslands og sveitarfélaganna er umfram þær forsendur sem lagðar voru fram í fjárhagsáætlun. Jafnframt óskar nefndin eftir upplýsingum um hvort sveitarfélögin ætli að bregðast sérstaklega við þessum kostnaðarauka og ef svo er, með hvaða hætti.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinum.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "AS", "AS", "ART", "DAS", and "H".

18. Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu frá 11. apríl 2025.

Lagt fram bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna umsóknar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um áframhaldandi undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu.

Sveitarstjórn fagnar undanþágunni sem veitt er til 15. september 2025 en fram að því verður unnið markvisst að því að uppfylla skilyrði ráðuneytisins.

19. Bréf frá Skipulagsstofnun frá 30. apríl 2025.

Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun vegna stækkun grjótnámu í landi Syðra-Langholts. Í bréfinu kemur fram að umrædd framkvæmd sé að mati stofnunarinnar ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því sé framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Erindið lagt fram til kynningar.

20. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 22. apríl 2025.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna skipunar í bakhóp til ráðgjafar og stuðnings við framkvæmd verkefnis sem miðar að því að efla öryggi kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum og stuðla að starfsumhverfi sem einkennist af virðingu og fagmennsku.

Lagt fram til kynningar.

21. Bréf frá Háskólafélagi Suðurlands frá apríl 2025.

Lagt fram bréf frá Háskólafélagi Suðurlands þar sem þakkað er fyrir veitta styrki í Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands undanfarin ár. Jafnframt er óskað eftir áframhaldandi styrk í sjóðinn og endurnýjun á samning til næstu þriggja ára, 2026-2028. Sjóðurinn hefur í gegnum árin styrkt fjölda námsmanna í masters- og doktorsnám með fjárframlögum. Sammerkt er að rannsóknir styrkþega hafa snúist um Suðurland og hafa styrkirnir því átt þátt í að móta nýja þekkingu í landshlutanum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja sjóðinn með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár.

22. Bréf frá Héraðssambandinu Skarphéðni ásamt ársskýrslu HSK 2024.

Lagt fram bréf frá Héraðssambandinu Skarphéðni ásamt ársskýrslu HSK 2024. Þar eru sendar þakkir til sveitarstjórna og héraðsnefnda á sambandssvæði HSK fyrir mikilvægan stuðning á árinu.

Lagt fram til kynningar.

23. Bréf frá Skógfræðingafélagi Íslands, ódagssett.

Lagt fram bréf frá Skógfræðingafélagi Íslands með bókun þeirra frá aðalfundi félagsins. Bent er á að græn svæði í þéttbýli eru mikilvæg fyrir lýðheilsu fólks og minnt er á mikilvægi þess að sveitarfélög nýti sér sérþekkingu skógfræðinga til að styðja við uppbyggingu grænna svæða í þéttbýli.

Sveitarstjórn vísar áskorun félagsins til Umhverfisnefndar.

24. Bréf frá Rótarýklúbbi Rangæinga frá 29. apríl 2025.

Lagt fram bréf frá Rótarýklúbbi Rangæinga þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 180.000 kr. til að gera upp fyrstu rútu Austurleiðar hf. sem stofnað var 1963, og í kjölfarið yrði rútan að fínum safngrip á Samgöngusafni Skógasafnsins.

Því miður sér sveitarstjórn sér ekki fært að verða við erindinu.

BR
ARJ
DAS
HS

25. Bréf frá Landsfundarnefnd Félags bókasafns- og upplýsingafræða frá 3 apríl 2025.

Lagt fram bréf frá Landsfundarnefnd Félags bókasafns- og upplýsingafræða þar sem óskað er eftir styrk vegna Landsfundar Upplýsingar sem haldinn verður á Selfossi 16. – 17. október 2025.

Því miður sér sveitarstjórn sér ekki fært að verða við erindinu.

26. Bréf frá Sýndarferðum frá 16. apríl 2025.

Lagt fram bréf frá Sýndarferðum en fyrirtækið býður sveitarfélaginu upp á að uppfæra Street View myndir sem eru inni á Google maps.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við bréfitara og fylgja eftir umræðum á fundinum.

27. Minnisblað vegna samstarfs um Heilsueflandi Uppsveitir.

Lagt fram minnisblað sveitarstjórnar vegna samstarfs um Heilsueflandi Uppsveitir.

Í minnisblaðinu kemur fram að frá árinu 2021 hafa Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur haft með sér samstarf um íþrótt- og tómstundafulltrúa/verkefnastjóra Heilsueflandi samfélags. Í starfslýsingu viðkomandi starfsmanns er tiltekið að starfshlutföll skiptist þannig að 25% séu vegna vinnu fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp og 37,5% vegna vinnu fyrir Hrunamannahrepp og Bláskógabyggð, hvort um sig.

Eftir samtöl milli aðila er ljóst að grundvöllur samstarfsins er brostinn þar sem fram hefur komið vilji sveitarstjórnar Hrunamannahrepps sem og sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að þessi sveitarfélög vilji haga meðferð þessara mála með öðrum hætti en verið hefur. Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur þegar samþykkt að hætt verði aðild að verkefninu.

Með sífelld fleiri íbúum og aukinni meðvitund um mikilvægi íþróttastarfs og annarra tómstunda fyrir íbúa á öllum aldri er mikilvægt að halda vel utan um þessa málaflokka og það er skýr vilji sveitarstjórnar að svo verði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Hrunamannahreppur segi upp núverandi samstarfi um verkefnastjóra Heilsueflandi Uppsveita og að sveitarstjóra og oddvita verði falið að gera tillögu til sveitarstjórnar um það með hvaða hætti verkefnum á þessu sviði verði háttað til framtíðar með það að markmiði að þjónusta á þessu sviði verði enn betri en nú er.

28. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 21. maí kl. 14:00. Vakinn er athygli á því að fyrir fundinn eða kl. 13:00 mun Ungmennaráð koma til fundar við sveitarstjórn.

Fírhagsleg málefni:

29. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2024 – síðari umræða.

Lagður fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2024 ásamt sudurliðunum, til síðari umræðu. Einnig kom endurskoðandi sveitarfélagsins á fundinn og lagði fram endurskoðunarbréf KPMG vegna ársreiknings 2024.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða með eftirfarandi bókun og verður hann nú undirritaður:

Mjög góð niðurstaða í rekstri samstæðu (A og B hluta) Hrunamannahrepps er ánægjuleg og gleðilegur vitnisburður um þá jákvæðni og kraft sem ríkt hefur í sveitarfélaginu á

DAS

ARJ

AS

undanförnum árum. Fjölgun íbúa, bygging nýs húsnæðis bæði í dreifbýli sem og í þéttbýlinu á Flúðum, efling innviða og öflug fyrirtæki leggja grunn að góðri rekstrarniðurstöðu. Það gerir einnig sá fjöldi starfsmanna sem lagt hefur sitt af mörkum til að rekstur sveitarfélagsins sé eins góður og raun ber vitni.

Það er ánægjulegt að rekstrarhagnaður samstæðu A og B hluta nemur 133,3 m.kr. Ekki síður er það ánægjulegt að engin ný langtímalán voru tekin á árinu þrátt fyrir að fjárfesting næmi 407,6 m.kr. og greiddar afborganir langtímalána námu 106,7 m.kr.

Niðurstaða ársreiknings Hrunamannahrepps fyrir árið 2024 er jákvæð hvort sem litið er til A hluta eingöngu eða A og B hluta samanlagt.

Niðurstaða ársreiknings samstæðu A og B hluta fyrir árið 2024 er jákvæð sem nemur 133,3 m.kr. sem er betra en árið á undan en þá var rekstrarhagnaður samstæðunnar 122,9 m.kr. Rekstrarafkoma A hluta er jákvæð um 112,6 m.kr. sem er nokkuð umfram það sem vonir stóðu til í fjárhagsáætlun en hún með seinni tíma viðaukum gerði ráð fyrir 78,9 m.kr. hagnaði af rekstri. Heildartekjur samstæðu A og B hluta námu 1.837 m.kr. en heildargjöld námu 1.545 m.kr. Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða er jákvæð um 200,6 m.kr. Framlegð frá rekstri (EBIDTA) er 291,5 m.kr. eða 16% af tekjum.

Enn er hækkun vísitölu á milli ára meiri en verðbólga markmið gera ráð fyrir og hefur sú staða áhrif á rekstrarniðurstöðu allra sem skulda. Hér hefur verðbólga þau áhrif að verðbætur reiknast um 65,7 m.kr. á samstæðu A og B hluta sem er þó umtalsvert lægra en á árinu 2023 þegar verðbótapátturinn nam 95 m.kr. Í eðlilegu árferði hvað verðlagsþróun varðar er afkoma sveitarfélagsins betri sem þessu nemur.

Veltufé frá rekstri A og B hluta nam um 271 m.kr. eða ríflega 14,7 % af heildartekjum. Handbært fé frá rekstri var 393,4 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 186,8 m.kr. Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum er 5,36 sem er góð niðurstaða.

Bókfærðar fjárfestingar á árinu 2024 námu 407,6 m.kr. Fjárfestingar á árinu 2023 námu 572 m.kr. Fjárfestingar síðustu tveggja ára nema því rétt tæpum einum milljarði. Engin ný langtímalán voru tekin á árinu 2024. Tekjur vegna gatnagerðargjalda námu 72,1 m.kr.

Helstu fjárfestingar ársins fólust í eftirfarandi:

- Gatnagerð og tilh.veituframkvæmdir við Loðmundartanga
- Endurnýjun á kennslugangi og endurnýjun skólalóðar
- Kaup á hluta Hrunamannavegar 3
- Hönnunarkostnaður vegna innréttingar heilsugæslu
- Ný brú yfir Hellisholtalækinn og nýtt leiksvæði í Norðurbænum
- Upphaf framkvæmda á móttökustöð Flatholti
- Ný gasskilja við virkjunina Kópsvatni
- Aðrar fjárfestingar voru smærri í sniðum

Afborganir langtímalána námu 98,5 m.kr. og tekin ný langtímalán á vegum Hrunamannahrepps voru engin. Bókfært nýtt langtímalán vegna hluta sveitarfélagsins í samstarfsverkefnum byggðasamlaga nemur 9,8 m.kr. Í árslok er skuldaviðmið sveitarfélagsins, A og B hluta, 71% sem er langt undir skuldaviðmiði því sem sveitarfélögum ber að fara eftir. Skuldaviðmið A-hlutans er 43%.

Í ljósi niðurstaðna ársreiknings ársins 2024 er full ástæða til bjartsýni þegar horft er til framtíðar. Fólk og fjárfestar hafa trú á framtíðarmöguleikum Hrunamannahrepps. Hér er í gangi kröftug uppbygging íbúðarhúsnæðis. Nú er svo komið að öllum lóðum fyrir rað-, par- og fjölbýlishús hefur verið úthlutað og lausar til úthlutunar eru einungis 4 einbýlishúsaloðir.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "DAS", "ART", and "JAS".

Aðilar í atvinnurekstri horfa til Hrunamannahrepps sem álitlegs kosts hvað uppbyggingu varðar enda eru innviðir hér sterkir á mörgum sviðum og munu þeir eflast frekar en hitt á næstunni.

Sveitarstjórn vill nýta þetta tækifæri og færa stjórnendum og starfsmönnum öllum bestu þakkir fyrir framlag þeirra til ábyrgs rekstrar og góðrar þjónustu. Sveitarstjórn vill einnig þakka endurskoðendum og skrifstofustjórunum báðum fyrir góða vinnu við gerð ársreiknings. Jafnframt ber að þakka traust og ánægjulegt samstarf sveitarstjórnarmanna. Slíkt samstarf er dýrmætt fyrir íbúa alla.

30. Tillaga að breytingu á gjaldskrá mótuneytis Flúðaskóla.

Lögð fram tillaga að breytingu á gjaldskrá mótuneytis Flúðaskóla.

Sveitarstjórn samþykkir breytingu á gjaldskrá samhljóða.

31. Umsókn um nýtingu lands í Kerlingarfjöllum.

Í kjölfar auglýsingar var lögð fram umsókn um nýtingu lands í Kerlingarfjöllum en Kerlingarfjöll ehf, kt. 690508-0950 óska eftir að fá að nýta lóðina Ásgarð 2 innan Hrunamannafréttar undir endurbætta aðstöðu fyrir starfsmenn félagsins yfir háönnina – bæði til gistingar og undir samrými s.s. hvíldarrými og til afþreyingar. Hluti húsnæðisins yrði lagður undir starfsmenn Náttúruverndarstofnunar (NVST). Ráðgert er að reisa á lóðinni húsnæði í anda þeirra A- húsa sem standa á lóðinni í dag.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við umsækjanda.

32. Bréf frá Sigurði G. Guðjónssyni lögmanni vegna auglýsingar um nýtingu lands í Kerlingarfjöllum.

Lagt fram bréf frá Sigurði G. Guðjónssyni lögmanni f.h. Margrétar Eyfells vegna auglýsingar um nýtingu lands í Kerlingarfjöllum.

Erindið er lagt fram til kynningar.

Mál til kynningar:

33. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 973. fundar stjórnar frá 14. mars 2025.

Lagt fram til kynningar.

34. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 974. fundar stjórnar frá 19. mars 2025.

Lagt fram til kynningar.

35. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 975. fundar stjórnar frá 20. mars 2025.

Lagt fram til kynningar.

36. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 976. fundar stjórnar frá 4. apríl 2025.

Lagt fram til kynningar.

37. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 977. fundar stjórnar frá 11. apríl 2025.

Lagt fram til kynningar.

38. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 978. fundar stjórnar frá 30. apríl 2025.

Lagt fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a checkmark and the letters "AS" and "AS".

39. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 82. fundar stjórnar frá 12. mars 2025.
Lagt fram til kynningar.

40. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 83. fundar stjórnar frá 9. apríl 2025.
Lagt fram til kynningar.

41. Samtök orkusveitarfélaga: Boð á orkufund 26. maí 2025.
Lagt fram til kynningar.

42. Bókanir sveitarstjórna Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Bláskógabyggðar og Grímsness- og Grafningshrepps um erindi Hrunamannahrepps frá 27. mars 2025.

Í bókunum sveitarstjórnanna hafna þær þeirri ósk Hrunamannahrepps að hægt verði að vera þátttakandi í UTU en jafnframt hafa skipulagsnefnd heima í héraði skipaða heimamönnum.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Sveitarstjórn furðar sig á þeirri neikvæðu afstöðu sem nágrannasveitarfélög okkar hafa til þeirrar einföldu og sjálfsögðu óskar Hrunamannahrepps um að hér verði starfrækt skipulagsnefnd skipuð aðilum úr Hrunamannahreppi.

Skipulagsvaldið er eitt mikilvægasta hlutverk sveitarfélaga og þess vegna hafa sveitarstjórnir á landinu valið að fara sjálfar með það hlutverk enda segir í 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að í hverju sveitarfélagi skal starfa skipulagsnefnd sem kjörin er af sveitarstjórn. Í sömu grein segir einnig að sveitarfélög geti haft samstarf um kosningu nefnda og samstarf um ráðningu byggingafulltrúa.

Hér í Hrunamannahreppi er það krafa sveitarstjórnar að skipulagsnefnd verði starfrækt í sveitarfélaginu og að hún verði skipuð heimamönnum. Í dag sitja í skipulagsnefnd 6 fulltrúar, einn frá hverju sveitarfélagi. Við viljum gera þessum málum hærra undir höfði og tryggja breiða aðkomu fleiri aðila að skipulagsmálum og þess vegna er þessi ósk fram komin. Ekkert í þeirri bón okkar þarf að hafa áhrif á annað samstarf þessara sveitarfélaga í skipulags- og byggingamálum enda hefur vinna starfsmanna UTU verið afar farsæl og engin ástæða til að það verði breyting á því.

Þegar nágrannar okkar og vinir tengja saman þá sjálfsögðu ósk sveitarstjórnar Hrunamannahrepps um að hér verði starfrækt okkar eigin skipulagsnefnd við rekstur embættisins þá undrumst við það og hörmum að slíkt sé niðurstaða félaga okkar. Það að skipulagsnefnd verði starfrækt hér í Hrunamannahreppi skaðar í engu önnur sveitarfélög og með engu á það að hafa áhrif á þátttöku okkar í samstarfi um skipulags- og byggingafulltrúa.

Það er því ljóst í kjölfar bókana þriggja sveitarfélaga að ekki er hægt að vera aðili að Umhverfis- og tæknisviði uppsveita án þess að vera einnig þátttakandi í Skipulagsnefnd Uppsveita, Flóa- og Ásahrepps þar sem hvert sveitarfélag á eins og áður sagði einungis einn fulltrúa.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps er því nauðugur einn kostur að segja upp aðild okkar að byggðasamlaginu og hefja nú þegar undirbúning að því að Hrunamannahreppur taki málaflökkinn alveg yfir. Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna málið áfram.

43. Boð á aðalfund Reiðhallarinnar á Flúðum ehf. 14. maí 2025.
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:29.

Dati Geir Samúelsson
Arnlind Haukur

Þjánný Vignisdóttir
Alexandra Ros Jóhannsdóttir
Alldís Hafþórsdóttir